


UST

Grindavíkurbær  
Benedikt Ingi Sigurðsson  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík



**Umhverfisstofnun**

Fólkvangargata 10, 101 Reykjavík  
Íslensk Þjóðvarðarfélag  
IS - 102 Reykjavík, Iceland  
Tel: +354 521 2000  
Fax: +354 521 2710  
Umhverfisstofnun@iceland.is  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

13. maí 2004  
Tilvísun: UST20040400126/óá

**Deiliskipulag frístundabyggðar við Þorbjarnarfell**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grindavíkur, dags. 23. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag frístundabyggðar við Þorbjarnarfell. Fyrirhuguð frístundabyggð er staðsett innan svæðis á náttúrumínjaskrá, Sundhnúksröðin og Fagridalur (nr. 104). Samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir sem raskað gætu verndargildi svæða á náttúrumínjaskrá.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ofangreind framkvæmd mun raska eldhraunum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. laga um náttúruvernd. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda-eña byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, ef hætta er á að jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar sé raskað. Vert er að benda á að þó lög um náttúruvernd kveði á um að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdir telur stofnunin oftast nægilegt að gera athugasemdir við útfærslu einstakra framkvæmdaþáttu í deiliskipulagi, nema annað sé tekið fram.

Um svæðið segir í náttúrumínjaskrá:

Sundhnúksröðin og Fagridalur, Grindavík. (1) Sundhnúksgigaröðin öll, frá Melhól í vestur að hraunkantinum sunnan Þorbjarnarfells, með honum vestur og norður fyrir fellið, að háspennulinu sem er u.b.b. 200 m vestan þjóðvegar. Mörkin fylgja síðan línum til norðurs að stað 2 km norðan Arnarseturs og þaðan austur í horn landamerkjálínu við norðausturhorn Litla-Skógfells, síðan beina línu sem hugsast dregin til norðausturs í Kálffell. Þaðan liggja mörkin í Fagradals-Vatnsfell og því næst um beina línu sem dregin er til suðvesturs um Fagradalsfjall, Sandhól, Vatnsheiði og að lokum í Melhól. (2) Tæplega 9 km löng gigaröð sem kennir er við Sundhnúk. Fallegar hrauntraðir í suðvesturhlíð Hagafells. Grindavíkurbær stendur á hrauni úr gigaröðinni. Fagridalur er grösugt dalverpi við norðvesturhorn Fagradalsfjalls. Söguminjar

Staðsetning frístundabyggðarinnar er í suðurjaðri svæðisins, við rætur Þorbjarnarfells og telur Umhverfisstofnun að frístundabyggð muni ekki raska verndagildi þess. Byggðin liggur að hluta á röskuðu svæði sunnan Þorbjarnarfells og að hluta á graslendi við hraunjaðarinn á útmörkum svæðisins.

Eins og fram kom hér að framan njóta eldhraun sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Ber að forðast röskun þeirra svo sem kostur er. Af skipulagstillöggunni að dæma mun byggðin raska heillegum hraunkantinum neðan Þorbjarnarfells og liggja að hluta á hrauninu. Á þessu svæði setur hraunbrúnin mikinn svip á landslagið. Að mati stofnunarinnar ber að utfæra frístundabyggðina á þann máta að hrauninu verði ekki raskað. Jafnframt ber að setja í skilyrði í skipulagsskilmála varðandi jarðrask og frágang húsa þannig að tryggt sé að hraunbrúninni verði ekki raskað við framkvæmdir.

Virðingarfyllst,



Olafur Arnason



Helgi Jansson